

SAMÞYKKT
um breytingu á samþykkt um stjórn Ísafjarðarbæjar
og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 525/2021

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 48. gr. samþykktarinnar:

2. tölul. A liðar 48. gr. orðast svo:

“Skóla-, íþrótt- og tómstundanefnd: Bæjarstjórn kýs fimm fulltrúa og jafnmarga til vara í skóla-, íþrótt- og tómstundanefnd. Bæjarstjórn kýs nefndinni formann og varaformann. Nefndin er kosin á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil hennar hið sama og bæjarstjórnar. Nefndin fer með málefni leikskóla samkvæmt leikskólalögum nr. 90/2008, grunnskóla samkvæmt grunnskólalögum nr. 91/2008, og tónlistarskóla samkvæmt lögum nr. 75/1985, um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla og samstarfssamningum sem gilda um rekstur tónlistarskóla hverju sinni. Einnig fer nefndin með málefni framhaldsskóla samkvæmt ákvæðum framhaldsskólalaga nr. 92/2008 og samstarfssamningum sem gilda um rekstur framhaldsskóla hverju sinni. Þá fer nefndin með verkefni íþrótt-, tómstunda- og æskulýðsmála í sveitarfélaginu, þar með talið eftirlit með íþróttamannvirkjum en þau eru rekin af Eignasjóði, málefni félagsmiðstöðva og vinnuskóla. Nefndin skal stuðla að samstarfi í íþróttamálum m.a. með nánú samstarfi við Héraðssamband Vestfirðinga. Auk verkefna sem nefndin hefur með höndum samkvæmt lögum getur bæjarstjórn falið henni ýmis verkefni með erindisbréfi.”

4. tölul. A liðar 48. gr. breytist á þann hátt að fyrir síðustu málsgrein bætist eftirfarandi:

“Þá fer nefndin með verkefni skv. reglugerð 907/2005, sbr. breytingareglugerð nr. 409/2023, og síðari breytingar, varðandi daggæslu barna í heimahúsum.”

3. tölul. A liðar 48. gr. fellur út, og færast aðrir töluliðir A liðar upp sem þessu nemur.

7. tölul. C liðar orðast svo:

„Fasteignir Ísafjarðarbæjar ehf.: Bæjarráð veitir umboð til að sækja aðalfund félagsins og fara með atkvæðisrétt sveitarfélagsins á aðalfundi. Í því umboði felst að jafnaði að viðkomandi geti boðið sig fram í stjórn félagsins og tekið þar sæti nái hann kjöri á aðalfundi.“

8. tölul. C liðar orðast svo:

„Melrakkasetur Íslands ehf.: Bæjarráð veitir umboð til að sækja aðalfund félagsins og fara með atkvæðisrétt sveitarfélagsins á aðalfundi. Í því umboði felst að jafnaði að viðkomandi geti boðið sig fram í stjórn félagsins og tekið þar sæti nái hann kjöri á aðalfundi.“

9. tölul. C liðar orðast svo:

Kaplaskjól ehf.: Bæjarráð veitir umboð til að sækja aðalfund félagsins og fara með atkvæðisrétt sveitarfélagsins á aðalfundi. Í því umboði felst að jafnaði að viðkomandi geti boðið sig fram í stjórn félagsins og tekið þar sæti nái hann kjöri á aðalfundi.

10. tölul. C liðar orðast svo:

Hvetjandi hf. eignarhaldsfélag: Bæjarráð veitir umboð til að sækja aðalfund félagsins og fara með atkvæðisrétt sveitarfélagsins á aðalfundi. Í því umboði felst að jafnaði að viðkomandi geti boðið sig fram í stjórn félagsins og tekið þar sæti nái hann kjöri á aðalfundi.

2. gr.

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Ísafjarðar hefur sett samkvæmt ákvæðum 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. janúar 2024.